

Umhverfisstofnun
Katrín Sóley Bjarnadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Reykjavík, 09.04.2019
Tilv. 2019-0111 - 20.01.01/POR
HV/mp

**Málefni: Beiðni um umsögn vegna losunar dýpkunarefnis í hafið –
varp í hafið – Þorlákshöfn**

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 15. mars 2019 (Tilvísun: UST201812-009/K.S.B) þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna ofangreinds málefnis er varðar varp dýpkunarefnis í hafið. Efnið sem varpa skal í hafið er tilkomið vegna viðhaldsdýpkunarframkvæmda í Þorlákshöfn. Óskað er eftir leyfi til þess að varpa 49.000 m³ á ári, næstu þrjú ár eða til loka árs 2021 á losunarstað sem áður hefur verið notaður í sama tilgangi. Sérstaklega er beðið um álit Hafrannsóknastofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og tekur undir með Umhverfisstofnun og Skiplagsstofnun að ástæða sé til þess að fylgjast með sellátrum landssels austan og vestan Þorlákshafnar vegna bágrar stöðu landsselsins við Ísland. Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdirnar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Héðinn Valdimarsson

Sviðsstjóri Umhverfissviðs